



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 24. ágúst 2021  
R21080078

Borgarráð

### ***Þátttaka í kortlagningu á búsetu í atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu***

Lagt er til að borgarráð samþykki að Reykjavíkurborg taki þátt í kostnaði við kortlagningu á búsetu í atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Kostnaður Reykjavíkurborgar mun vera á bilinu 5,7 - 7,4 m.kr. Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að gera viðauka með tillögunni.

Greinargerð

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) hefur að beiðni félags- og barnamálaráðherra unnið að tillögum til úrbóta á brunavörnum í húsnæði þar sem fólk hefur búsetu. Ein þeirra tilagna sem HMS hefur lagt fram felst í því að kortleggja búsetu í atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu og í stærri byggðarkjörnum landsins. Undir stjórn HMS var því settur á fót stýrihópur til að vinna að tillögunni og er hópurinn skipaður fulltrúum frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, Reykjavíkurborg, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Alþýðusambandi Íslands og Þjóðskrá Íslands. Hópurinn hefur skilað af sér hjálagðri verkefnaáætlun um kortlagningu á búsetu í atvinnuhúsnæði.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Verkefnaáætlun um kortlagningu á búsetu í atvinnuhúsnæði, 2021. Trúnaðarmál.

Kostnaðaráætlun. Trúnaðarmál.

Bréf frá slökkviliðsstjóra Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, dags. 23. ágúst 2021.